



## Fundur háskólaráðs 7. apríl 2005

### Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Í vinnslu

### Dagsetningar:

Búið til: 04.04.2005

Dags: 07.04.2005

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

06/2005

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 7. apríl var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Inga Jóna Þórðardóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Bryndís Harðardóttir, Matthías Imsland, Vilhjálmur Árnason, Eiríkur Tómasson, Rögnvaldur Ólafsson, Jón Ó. Skarphéðinsson og Jóhannes R. Sveinsson.

### 1. Mál til fróðleiks

1.1 Yfirlit yfir fundi og viðburði á vormisseri 2005.

1.2 Stefna Háskóla Íslands gegn mismunun. Samþykkt á 16. háskólafundi 18. febrúar 2005.

1.3 Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area. Útdráttur úr skýrslu fyrir fund ráðherra Evrópulanda og formanna evrópskra háskólasamtaka í Bergen 18.-19. maí nk.

1.4 Háskólasetur Vestfjarða. Stutt kynning.  
- Rektor gerði grein fyrir málinu.

### 2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Drög að reglum um heiðursmerki Háskóla Íslands, sbr. fund ráðsins 24. febrúar sl. Málið var rætt. Samþykkt einróma að leita eftir tillögu hönnuðar um form heiðursmerkisins.

2.2 Tillaga félagsvísindadeildar að breytingu á XVII. kafla reglna Háskólans nr. 458/2000, samantekt mars 2005. Lagt fram minnisblað akademískrar stjórnýslu. Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Óskað eftir upplýsingum um kostnaðaráhrif tillögunnar og faglegar forsendur fyrir henni.  
- Frestað.

2.3 Tillaga hugvísindadeildar að breytingu á XIV. kafla reglna Háskólans nr. 458/2000. Lagt fram minnisblað akademískrar stjórnýslu. Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Óskað eftir upplýsingum um kostnaðaráhrif tillögunnar og faglegar forsendur fyrir henni.  
- Frestað.

- 2.4 Staðlaður texti með tölvupósti starfsmanna H.Í. Verður hluti af almennum verklagsreglum um meðferð mála í stjórnslu H.Í. (frá 15.9.2003), sbr. síðasta fund.  
- Samþykkt einróma að fela framkvæmdastjóra akademískrar stjórnslu að ganga endanlega frá textanum.
- 2.5 Fjárhagsáætlun vegna MBA námsins 2005-2007.  
Rektor og Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar og framkvæmda, gerðu grein fyrir málinu og var það rætt.  
- Frestað.
- 2.6 Tillaga rektors að skipun starfshóps til að vinna að undirbúningi byggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.  
Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.  
- Samþykkt einróma að fela rektor að skipa starfshópinn.
- 2.7 Tillaga frá akademískri stjórnslu um breytingu á 65. gr. reglna Háskólans nr. 458/2000.  
Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.  
- Samþykkt einróma að óska eftir umsögn frá vísindanefnd, kennslumálanefnd og ráðgjafanefnd rektors um gæðamál.

### **3. Mál á auglýstri dagskrá**

- 3.1 Skilgrein kjörstjórnar rektorskosninga 10. og 17. mars 2005, dags. 22. mars 2005, ásamt fundargerð kjörstjórnar.  
Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.  
- Samþykkt einróma að fela akademískri stjórnslu að taka saman minnisblað vegna athugasemda og ábendinga kjörstjórnar. Háskólaráð þakkaði kjörstjórn fyrir vel unnin störf.
- 3.2 Tilnefning rektors Háskóla Íslands til næstu fimm ára frá 1. júlí 2005 að telja, á grundvelli niðurstöðu rektorskjörs 2005.  
Rektor gerði grein fyrir málinu.  
- Samþykkt einróma að óska eftir því við menntamálaráðherra að hann skipi dr. Kristínu Ingólfssdóttur, prófessor í lyfjafræðideild rektor Háskóla Íslands til næstu fimm ára, frá 1. júlí 2005 að telja, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og 8. og 9. tölulíð 9. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.
- 3.3 Stofnanasamningur Háskóla Íslands og Félags háskólakennara í tengslum við kjarasamning félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Lagt fram minnisblað formanns samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál.  
Guðmundur R. Jónsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt.  
- Nýr stofnanasamningur Háskóla Íslands og Félags háskólakennara samþykktur einróma. Rektor þakkaði formanni Félags háskólakennara gott samstarf um gerð stofnanasamnings.
- 3.4 Drög að reglum um stofnun um sjálfbæra þróun og vettvang þverfaglegra rannsókna, sbr. fund ráðsins 17. mars sl.  
Rektor greindi frá stöðu málsins og var það rætt.  
- Frestað.
- 3.5 Sameiginleg málefni H.Í. og LSH. Stefnunefnd H.Í. og LSH kom inn á fundinn.

Jóhannes Gunnarsson, starfandi forstjóri LSH, gerði grein fyrir stöðu sameiginlegra málefna LSH og H.Í. og undirbúning að byggingu nýs spítala.

Fleira var ekki gert.  
Fundir slitið kl. 15.25